Skólaráðsfundur 9/1 2024

Mættir: Kristján Arnar skólastjóri, Muggi íbúi nærssamf, Soffía Rún nem, J.Ása fulltrúi kennara, G.Harpa fulltrúi kennara, Ralf Trylla fulltrúi annarra starfsmanna.

Dagskrá fundarins:

1. Festa fundartíma
2. Fara yfir haustönnina
3. Fara yfir vorönnina, væntanlegir viðburðir
4. Átand skólalóðar
5. Önnur mál

1. Ákveðið var að hafa fundartíma þriðjudaga kl.10.00 27.feb, 9.apríl, 21.maí
2. Þemadagar gengu vel, fjallgöngur gengu vel þrátt fyrir skakkaföll, 3 slys. Skólaráð sammála að það væri mikilvægt að halda áfram fjallgöngunum þrátt fyrir þessi skakkaföll, síðastliðin 10 ár hafa liðið án einhverra slysa því er um 3% slysatíðni sem er nokkuð gott. Fengu ábendingu varðandi jólaböllin, færa þau inn í matsal og hafa 3 böll í stað 4 áður. Það var dálítið þröngt um nemendur í aðalinnganginum á síðustu jólaböllum. Einnig fannst kennurum vanta lifandi tónlist. Einnig kom fram ábending um að hvort ekki mætti setja upp jólaskraut fyrr upp á aðventunni.
3. Þorrablót 10.bekkjar 26.jan, samráðsdagur 2.feb, Nemendaþing 29.feb, Árshátíð 20. Og 21.mars. Unglingastig vil fá að sýna 3.sinnum líkt og hin skólastigin. Skólaferðalag 10.bekkjar 22. – 24.maí á Bakkaflöt, Vorverkadagur, skíðadagur þegar viðrar til og skólaslit 5.júní. Skólastjóri lét vita að skólaslit verði með breyttu sniði í ár, formlegri slit á skólastarfinu þ.e. skólastjóri slíti skólastarfi á sal fyrir yngri nemendur og að 9.bekkur lýkur skólastarfi að degi til og einungis verði 10.bekkur við athöfnina að kvöldi til.
4. Ástand skólalóðar, það vantar rennibrautir, fleiri rólur. Spurning með skilgreiningu á hvað sé skólalóð og hvað ekki? Og einnig kom upp sú spurning af hverju nemendur mættu ekki leika sér á Austurvelli.
5. Önnur mál, Ralf kom með ábendingu á að það vanti betri lýsingu á skólalóð að það vanti 3 ljóskastara í viðbót þá sérstaklega í nánd við fótboltavöllinn.
   Fundi slitið kl.10:37